

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024,
Geitháls – Nesjavallalína 2.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 26. maí 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í lagningu 145 kV niðurgrafins jarðstrengs (Nesjavallalína 2) frá tengivirki við Nesjavallavirkjun og að aðveitustöð Landsnets á Geithálsi, Reykjavík.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 26. maí 2008.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 9. júní 2008